— **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um styrk handa barnaskóla.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna samþykkist hjer með, að barna- og alþýðuskólanum í Flensborg við Hafnarfjörð verði veittur 500 kr. styrkur af fje því, er getur um í 12. gr. C. 7. fjárlaganna og til móts við þann 350 kr. styrk, sem skólinn nýtur úr sjóðum Gullbringu- og Kjósarsýslu og Garðahrepps. **173** 21. des.

Þetta er tjáð yður til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar fyrir hlutaðeiganda.

— **Brjef landshöfðingja** *til stiptsyfirvaldanna* **um umsjónarmennsku í hinum lærða skóla.** — Samkvæmt tillögum stiptsyfirvaldanna í brjefi frá 23. þ. m. samþykkist hjermeð, að skólakennara Birni Magnússyni Ólsen sje falið á hendur, að halda áfram að annast um framkvæmd dyravarðarstarfanna við hinn lærða skóla frá 1. janúar næstkomandi til loka þessa skólaárs 30 sept. 1882, og að yfirkennari Halldór K. Friðriksson hafi um sama tímabil á hendi umsjón á húsum og áhöldum skólans fyrir hina sömu 300 kr. ársþóknun, sem hann áður hefir haft. **174** 27. des.

— **Ágrip af brjefi landshöfðingja** *til biskups* **um endurgjald á kirkjuskuld.** — Sira Jón Eiríksson, er 28. júlí 1880 fjekk lausn frá Stóranúps prestakalli, hafði sótt um, að fá endurgoldið af tekjum kirkjunnar á Stóranúpi það, sem hann, þegar hún 1877 var endurbyggð, varð að leggja henni fram yfir sjóð hennar, og taldi hann það 1035 kr. Prófasturinn í Árnessýslu tók fram, að þessi skuld kirkjunnar væri að nokkru leyti kominn til af því, að sjóður kirkjunnar hefði staðið inni hjá prestinum vaxtalaus, frá því að hann kom að brauðinu 1860. Ef 4% vextir hefðu verið taldir sjóðnum um þann tíma, er prestur hefði haft hann undir hendi, myndi skuldin ekki hafa orðið meiri en um 400 kr. og hefðu þar að auki verið taldir vaxtavextir, myndi kirkjuna ekki hafa vantað sjer til endurbyggingar nema um 200 kr. Samkvæmt tillögum hlutaðeigandi sóknarnefndar og hjeraðsnefndar samþykkti landshöfðingi, að greiða mætti af tekjum kirkjunnar sira Jóni og ekkju hans eptir hann látinn 20 kr. árlega í 15 ár eða 300 kr. alls, ef þau lifðu svo lengi, en ef þau dæju fyrr, skyldi ekki borga meira upp í tjeða skuld, en það, sem þá væri lokið. **175** 24. okt.

HEIÐURSPENINGAR.

Hinn 5. desbr. voru Fischer sýslumanni í Barðastrandarsýslu og Sigurði Gíslasyni hreppstjóra í Ölveshreppi sendir heiðursperingar með tilheyrandi skjölum, er hin franska stjórn hafði veitt þeim í viðurkenningarskyni fyrir greiða handa skipverjunum af frönsku skipi „L' Armoriçain", sem hafði strandað í Skaptafellssýslu.

Landshagsskýrslur.

A. Fæðingar, mannalát, hjónabönd og fermingar í hverju prestakalli árin 1872, 1878 og 1879.